

Rennslisspárnefnd 3. fundur.
Haldinn 12. janúar 1981, kl. 14:30

Laufey Hannesdóttir

Greinargerð LH-81/01

Rennslisspárnefnd 3. fundur. Haldinn 12. janúar 1981, kl. 14:30.

Mættir: Jakob Björnsson Orkustofnun
Haukur Tómasson Orkustofnun
Sigurjón Rist Orkustofnun
Snorri Páll Kjaran Orkustofnun
Kristinn Einarsson Orkustofnun
Laufey Hannesdóttir Orkustofnun
Elías Elíasson Landsvirkjun
Birgir Guðmannsson Landsvirkjun
Ólafur Jensson RARIK

- Dagskrá: 1. Fyrstu niðurstöður af HBV líkaninu frá Svíþjóð af Efri-Þjórsá. LH
2. Spá fyrir vorflóði í Efri-Þjórsá 1981 byggð á mælingum fram í janúar og aftur síðar t.d. í apríl. LH
3. Framtíðarverkefni: T.d. a) spá að hausti fyrir um horfur á grunnvatnsstöðu fram á vor, b) spá að vetri og fram á vor fyrir um vorflóð, c) hvaða svæði eða ár eru áhugaverð í þessu sambandi? SR
4. Í framhaldi af atriði 3. hvar ætti að leggja áherslu á snjósmælingar og veðurmælingar? SR
5. Lagt er til að vatnafræðilíkan verði reynt með fáum en öruggum veðurstöðvum. T.d. að gert verði vatnafræðilíkan að Þjórsá með veðurmælingum í Reykjavík, Raufarhöfn og Hveravöllum.
6. Er ástæða til að fá veðurfræðing með í nefndina?
7. Elías Elíasson segir frá niðurstöðum af samanburði veðurstöðva á Þjórsársvæði.
8. Kristinn Einarsson segir frá hvernig gengur að gera sænska HBV líkanið keyrsluhæft á tölvu OS. Einnig segir hann frá dönsku vatnafræðimódeli NAM sem við höfum nýlega fengið.
9. Tillaga um að Lars Gottlieb frá DtH í Kaupmannahöfn komi hingað til lands og vinni í mánaðartíma að NAM módelinu.

1981-01-21

Haukur Tómasson setti fundinn, ræddi tilurð nefndarinnar og hverjir voru í hana tilnefndir, en það eru frá Orkustofnun: Sigurjón Rist, Snorri P. Kjaran; Landsvirkjun: Elías Elíasson, Birgir Guðmannsson; RARIK: Ólafur Jensson, Guðjón Guðmundsson.

Jakob Björnsson tók síðan til máls og greindi frá verksviði nefndarinnar eins og fram kemur í bréfi til Landsvirkjunar og RARIK dagsett 1980.06.05. Verksvið nefndarinnar er í aðalatriðum að aðhæfa erlendar vatnafræðisparaðferðir íslenskum aðstæðum og að þróa nýjar spáraðferðir sérstaklega vegna staðhátta hér á landi. Jakob Björnsson lagði síðan til að formaður nefndarinnar yrði Sigurjón Rist OS, þar sem á OS væru til staðar flestar þær mælingar sem nefndin þyrfti með, en varaformaður Elías Elíasson LV, þar sem Landsvirkjun hefði mest not fyrir störf nefndarinnar. Orkustofnun hafði þegar lagt til sbr. ofangreint bréf að Orkustofnun legði til ritara fyrir nefndina; og undirbúningsvinna yrði á hendi Orkustofnunar. Þetta starf munu annast Laufey Hannesdóttir og Kristinn Einarsson.

Síðan var gengið til dagskrár eins og hún er hér að ofan rituð.

1. Laufey Hannesdóttir sagði frá niðurstöðum HBV-líkansins senska af Efri-Þjórsá og sýndi línurit af mældu og reiknuðu rennsli sem því fylgir.
2. Landsvirkjun hefur áhuga á að gerð verði spá fyrir um vorflóðin 1981 í Efri-Þjórsá.
3. Landsvirkjun þykir eðlilegt að 1. september verði gerð spá um horfur á grunnvatnsstöðu fram á vor. Spá mætti fyrir um vetrarrennslið með því að gera líkan að öðru rennsli en grunnvatnsrennsli og mata það með mismunandi veðurspám og bæta því síðan við spá um grunnvatn. Áhugi er hjá Landsvirkjun á spám fyrir um vorflóð t.d. á innrennsli Þórisvatns. RARIK þykir rétt að fara að undirbúa spár fyrir Blöndu og stórvirkjanir á Austurlandi t.d. að ákveða hvar mælingum á snjósöfnun væri best fyrir komið.
4. Ákveðið var að mæla snjó áfram á þeim stöðum sem nú er gert og bæta við mælingum við Hólkná fyrir austan á vatnasviði Jökulsár á Brú. Með þeim

1981-01-21

mælingum ætti að vera hægt að spá fyrir um rennsli Jökulsár í Fljótsdal. Athuga þer hvort snjósmælingar á Hveravöllum eru nægilegar til þess að spá fyrir um vorflóð í Blöndu.

5. Umræðu um þetta atriði var skotið undir lið 7.
6. Ákveðið var að skrifa Hlyni Sigtryggssyni bréf og bjóða Veðurstofu Íslands að tilnefna tvo menn í nefndina.
7. Elías Elíasson sagði frá verki sem Þórunna Pálsdóttir á Veðurstofu Íslands hefur unnið fyrir Landsvirkjun. Þórunna hefur skrifað greinargerð: "Úrkoma á fjöllum, könnun á rannsóknaraðferðum". Ætlunin með þessu verki er að kanna aðferðir, sem gætu sagt til um ákveðna veðurþætti og þá með sérstöku tilliti til úrkomumagns, þar sem litlar eða engar veðurathuganir hafa verið gerðar að staðaldri. Helsta forsenda þess að aðferðir sem notaðar hafa verið annars staðar séu nothæfar hér er að gerðar verði meiri háloftaathuganir t.d. kortlagning 500 mb flatarins yfir landinu. Nú er aðeins ein háloftaathugunarstöð yfir landinu þ.e. í Keflavík. Komið hefur í ljós að ekki er algilt að úrkoma aukist með hæð yfir sjó aftur á móti eykst úrkoma með fjarlægð frá sjó, einnig er samband milli halla lands og úrkomu.

Tillaga kom fram um hvort athuga ætti hvaða not mætti hafa af tíðum ferðum flugvéla yfir landinu varðandi mælingu á veðurþáttum. Einnig kom fram að háloftaathuganir eru mjög dýrar.

8. Kristinn Einarsson sagði að hægt hefði gengið að gera HBV-líkanið sænska keyrsluhæft á tölvu Orkustofnunar og væri því að kenna að talva OS er minni en talvan sem sænska módelið hefur verið þróað á. Danska NAM módelið er þegar orðið keyrsluhæft á tölvu OS.
9. Snorri Páll Kjarran sagði frá því að komið hefði fram hugmynd um það að Lars Gottlieb frá DtH í Danmörku komi hingað til lands og prófi módel sitt á mælingum héðan, sbr. bréf frá Jónasi Elíassyni til Rennslisspárnefndar dags. 1981.01.12. Samþykkt var að Rennslisspárnefnd skrifi

1981-01-21

Verkfræðistofu Sig. Thoroddsen bréf um málið.

Lagt var til að á næsta fundi nefndarinnar verði gefnar upplýsingar um uppbyggingu vatnafræðilíkananna tveggja þ.e. HBV og NAM.

Fundi slitið kl. 17:00.